

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 997

**Dagsetning:** 26. september klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (sat fundinn undir liðum 1 til 8 og 10), Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir (sat fundinn undir liðum 2 til 14) og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 19. september 2023 samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Húsnæðismál

Rætt um flutninga Geðheilsuþstöðvar barna í Vegmúla. Flutningarnir gengu vel og starfsemi komin í gang á nýjum stað. Til stendur að flytja Geðheilsuteymi taugabroskaraskana í þessari viku og styttest í að ADHD-teymið flytji. Umræður um skipulag í húsnæði í Þönglabakka þar sem Geðheilsuþstöð barna var. Þar stendur til að hýsa Upplýsingamiðstöð HH, Geðheilsuteymi fangelsa, Heilsubrú og færni- og heilsumat. Einnig rætt um hugmyndir um sameiningu heilsugæslustöðva í Efra-Breiðholti og Mjódd til að efla starfsemina og bæta aðstöðu fyrir skjólstæðinga og starfsfólk.

### 4. Kaup á sendibifreið

Kominn er tími á að skipta út sendibíll HH. Rætt var um að skipta bílnum út fyrir rafmagnsbíl og tók framkvæmdastjórn vel í það.

### 5. Starfsdagur lækna

Umræður að halda starfsdag lækna hjá HH og mögulega sérnámslækna í vor.

### 6. Erindi um netspjallið

Rætt um erindi frá Embætti landlæknis um netspjall og hvort það sé skilgreint sem fjarheilbrigðisþjónusta. Framkvæmdastjóri hjúkrunar mun svara erindinu.

### 7. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um breytingar á verklagi vegna afleysinga svæðisstjóra. Framkvæmdastjórn samþykkti verklagið.

### 8. Launamál

Rætt um ýmis launamál.

## 9. Upplýsingamiðstöð HH

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um hvort Upplýsingamiðstöðin geti tekið við símsvörum í 1700-númerinu allan sólarhringinn frá áramótum. Framkvæmdastjórn telur ekkert því til fyrirstöðu og mun framkvæmdastjóri hjúkrunar svara erindinu.

## Önnur mál

### 10. Geðheilbrigðisdagur

Rætt um að halda geðheilbrigðisdag í apríl.

### 11. Förgun PCR-prófa

Upplýst að PCR-prófum sem eru útrunnin verði fargað. Enn eru einhver próf til sem ekki eru útrunnin og verður þeim haldið eftir þar til þau renna út.

### 12. Verktakar

Rætt um samninga við lækna sem eru í verktöku. Framkvæmdastjórn kallar eftir skýrum ramma yfir verktöku á Heilsugæslunni í Grafarvogi.

### 13. Samningur um hýsingu sjúkraskrár

Upplýst er að samningur um hýsingu sjúkraskrár fyrir Heilsugæsluna Höfða á Suðurnesjum sé tilbúinn.

### 14. Samningur við Landspítalann

Samningur við Landspítalann um greiningu á sýnum úr leghálsskimunum er á lokametrunum.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.